

Guðni af lífi og sál - saga þjóðar, manns og stormasamra átaka

Bókarhöfundur: Sigmundur Ernir Rúnarsson

Bókarheiti: Guðni af lífi og sál – saga þjóðar, manns og stormasamra átaka

Gagnrýnandi: Birgir Hermannsson

Útgáfa: Veröld, Reykjavík 2007, 424 bls.

SAGA HINS SJÁLFSKIPADA SVEITAMANNS

Hvers vegna er maður á besta aldri og í fullu fjöri að gefa út æviminningar sínar? Við þessari spurningu er auðvitað ekkert einhlítt svar. Guðni Ágústsson er landspekkur og litríkur persónuleiki og því líklegt að minningar hans njóti vinsælda. Hitt skiptir þó meira máli að Guðni er nýtekinn við sem formaður Framsóknarflokksins og er bókinni augljóslega ætlað að dýpka skilning þjóðarinnar á formanni elsta stjórnvaldaflokks þjóðarinnar, hvað hann stendur fyrir og hvaðan hann kemur. Síðast en ekki síst er bókinni ætlað að varpa ljósi á nokkur deilumál sem mikilvægt er fyrir Guðna að slá striki undir og gera grein fyrir hlut sínum í þeim. Þessi mál eru stuðningur Íslands við innrás Bandaríkjanna í Írak, fjölmiðlamálið og brotthvarf Halldórs Ásgrímssonar úr embætti forsætisráðherra og formanns Framsóknarflokksins. Mest nýmæli eru af frásögn Guðna af hinu síðastnefnda, enda átökin á bak við tjöldin harðari en fram hefur komið hingað til.

Guðni hefur ætíð lagt rækt við ímynd sína sem sveitamanns og málsvara bænda og búaliðs. Þessi ímynd hefur vissar hættur í för með sér, enda Guðni iðulega ásakaður um íhaldssemi og gamaldags viðhorf. Hjá Guðna stendur sveitin fyrir þjóðlegt gildismat og lífssýn sem Framsóknarflokkurinn hafi ætíð staðið vörð um; í hans huga er Framsóknarflokkurinn vinstrisinnaður – en þó öfgalaus – félagshyggjuflokkur. Í bókinni kemur fram að hluti af vandræðum Framsóknarflokksins sé að hafa ekki staðið vörð um þessi viðhorf í löngu samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Í þessu efni – eins og mörgum öðrum – talar Guðni hins vegar of óskýrt um hlutina. Voru það mistök Framsóknarflokksins að tala ekki meira um félagshyggjuna sem þeir aðhylltust eða voru það verkin sem töluðu með öðrum hætti en hin gamla ímynd flokksins sem félagshyggjuflokks? Á Guðna er það helst að skilja að Framsóknarflokkurinn hafi ekki verið nógu duglegur við að tala um félagshyggjuna og því hafi hans góðu verk fallið í skuggann. Þannig telur Guðni til dæmis að deilur Davíðs Oddssonar við Öryrkjabandalagið og Garðar Sverrisson formann þess hafi yfirgnæft viðleitni Framsóknarflokksins til að bæta stöðu öryrkja og auka útgjöld til heilbrigðismála. Hér gleymir Guðni af einhverjum ástæðum að minnast á þá staðreynd að framsóknarráðherrar sömdu við Öryrkjabandalagið fyrir kosningarnar 2003, til þess eins að svíkja það samkomulag eftir kosningar.

Guðna væri hollara að líta í eigin barm: Var það eitthvað í þeirra eigin verkum og stefnu sem ekki féll kjósendum í geð? Voru Framsóknarmenn ekki með félagsmála- og heilbrigðisráðuneytin í tólf ár samfleytt? Stóðu þeir ekki jafnfætis Sjálfstæðisflokknum í ríkisstjórn? Hver er ábyrgð Framsóknarflokksins á auknum ójöfnuði í íslensku samfélagi síðustu árin? Guðni forðast erfiðar spurningar af þessu taginu, en talar þess í stað almennt um félagshyggju og jöfnuð. Auðvitað vill Guðni sem formaður flokksins upphefja hin góðu verk, en eftir mesta afhroð í 90 ára sögu flokksins skyldi maður ætla að raunsætt – og jafnvel sársaukafullt – mat á verkum flokksins og stöðu hefði verið flokknum og formanni hans hollt. Guðni er augljóslega ekki tilbúinn til þess og geldur bókina óneitanlega fyrir það.

Guðni er þó reiðubúinn að gera upp málin við Halldór Ásgrímsson, sérstaklega þegar stuðningur Íslands við innrásina í Írak er til umfjöllunar. Hér kemur í sjálfu sér fátt nýtt fram, nema ef vera kynni sú fullyrðing Guðna (sem hann hefur eftir Davíð Oddssyni) að Halldór Ásgrímsson hafi síst verið tregur í taumi í þessu máli og áfjáður um að verða við óskum Bandaríkjamanna eftir stuðningi. Guðni var andsnúinn þessari ákvörðun og hefur aldrei farið leynt með það. Það vekur þó athygli að jafngagnrýninn og Guðni er á innihald þessarar ákvörðunar er hann hógvær í gagnrýni sinni á hvernig hún var tekin. Hér erum við kominn að veikum punkti í samstarfi Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, nánú samstarfi Halldórs Ásgrímssonar og Davíðs Oddssonar. Hvernig má það vera að þeir tveir hafi getað tekið ákvörðun af þessu tagi án þess að ræða hana, eða í það minnsta tilkynna hana, í ríkisstjórn? Guðni forðast að takast á við þessa spurningu af neinu viti, kannski vegna augljósar aðáunar sinnar á Davíð Oddssyni.

Í bókinni er samskiptum Guðna og Halldórs lýst sem dularfullum. Mér virðast samskipti þeirra Guðna og Davíðs Oddssonar ekki síður dularfull. Guðni lýsir því skemmtilega hvernig Davíð frysti stjórnarandstöðupingmanninn Guðna Ágústsson þannig að hann jafnvel hætti að bjóða góðan daginn.

Guðna fannst þessi framkoma skrítin, en forðast að fella þann augljósa dóm að hún beri frekar vott um skort á mannsiðum. Ekki er frásögn Guðna af þýðunni tilkomuminni. Eftir að Davíð myndar stjórn með Framsóknarflokki þýður hann Guðna og eiginkonu hans í veislu á Þingvöllum. Í veislunni uppgötvaði Guðni sér til furðu að hann var eini þingmaðurinn á staðnum, enda tilgangur Davíðs augljóslega sá að afþýða Guðna og draga hann inn í hlýjuna. Aðdáun Guðna leynir sér ekki og þótt mikið sé talað um Davíð í bókinni er sú umfjöllun að mestu gagnrýnislaus. Í bókinni fellir Guðni marga og skemmtilega palladóma um stjórnámálamenn, en Davíð Oddsson fær enga slíka meðferð. Aðdáun Guðna kemur jafnvel fram í ýkjum á hinum miklu tókum sem Davíð hafði á Sjálfstæðisflokki. Þannig rifjar Guðni upp að fyrir kosningarnar 1991 hafi Sjálfstæðisflokkurinn verið andvígur EES, en skipti um skoðun eftir kosningar. „Í einu veffangi hefur nýr formaður snúið blaðinu við og það er ekki að sökum að spyrja að allur þingflokkurinn fylgir honum að máli“ (268). Hér gleymir Guðni innanflokksdeilum um málið og gefur í skyn að þingmenn hafi í blindni fylgt Davíð, fremur en að grunnt hefði verið á fyrri skoðun. Við lestur bókarinnar er erfitt að verjast þeirri skoðun að eitt af vandamálum Framsóknarflokksins hafi verið óhófleg aðdáun og fylgispekt við Davíð Oddsson.

Ljóst er að Guðna Ágústssyni bíður mikið verk sem formanns Framsóknarflokksins. Í þessu efni gefur bókin tóninn: Leita skal til sögunnar og upprunans.